

14. NÓVEMBER
2024

HARPA
ELDBORG

Mozart og Beethoven með Sunwook Kim

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Forleikur 10'

Píanókoncert 30'

Sinfónía 35'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Mozart og Beethoven með Sunwook Kim

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 14. NÓVEMBER KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sunwook Kim

hljómsveitarstjóri og einleikari

Fanny Mendelssohn

Forleikur í C-dúr (1832)

Wolfgang Amadeus Mozart

Píanókonsert nr. 21, í C-dúr K 467 (1785)

Allegro maestoso

Andante

Allegro vivace assai

Hlé

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 4, í B-dúr Op. 60 (1807)

Adagio – Allegro vivace

Adagio

Scherzo – trio: Allegro vivace

Allegro ma non troppo

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Sunwook Kim

HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINLEIKARI

Suður-kóreski píanóleikarinn Sunwook Kim gegnir bæði hlutverki hljómsveitarstjóra og einleikara á þessum tónleikum og fetar þar í fótspor Mozarts sjálfs þegar hann frumflutti píanókonsert sinn nr. 21 sem við munum heyra hér í kvöld. Sunwook Kim vakti fyrst athygli þegar hann vann Alþjóðlegu píanókeppnina í Leeds árið 2006, þá aðeins 18 ára gamall og var þar með yngsti sigurvegari hennar í 40 ár, auk þess sem hann var fyrsti einstaklingurinn af asískum uppruna til að vinna keppnina. Síðan þá hefur hann verið í fremstu röð píanóleikara af sinni kynslóð. Kim kemur reglulega fram í helstu tónleikasölum víða um heim. Á síðasta ári kom hann meðal annars fram í Atlanta í Bandaríkjunum og Buenos Aires í Argentínu, í London, Brussel, Mecklenburg, Stokkhólmi og París í Evrópu, og í Asíu lék hann meðal annars í Tokyo og Osaka og heimaborg sinni Seoul. Óhætt er því að segja að hann hafi lagt heiminn að fótum sér. Sunwook Kim tók við sem tónlistarstjóri Filharmóníuhljómsveitar listamiðstöðvar Gyeonggi í heimalandi sínu á þessu ári og mun gegna stöðunni út næsta ár. Á tímabilinu mun hann koma fram minnst tíu sinnum hvort ár.

Í mars á síðasta ári kom hann í fyrsta sinn fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, þá sem einleikari í *Píanókonsert nr. 2* eftir Johannes Brahms undir stjórn Bertrands de Billy, og hreif þá tónleikagesti í Eldborg með sér.

Kim hefur hljóðritað fyrir Accentus, þar á meðal margar af píanósónötum Beethovens, og fiðlusónötur hans ásamt Clara-Jumi Kang. Auk þess hefur hann hljóðritað nokkur verk síðklassíska tímabilsins, þar á meðal *Píanósónötu Brahms nr. 3*.



Svo skemmtilega vill til að þessa tónleika ber upp á afmælisdag Fannyar Mendelssohn, en í dag eru 219 ár liðin frá fæðingu hennar.

Fanny Mendelssohn

FORLEIKUR Í C-DÚR

Fanny Mendelssohn (1805–1847) var bæði píanóleikari og tónskáld. Fyrsti kennari hennar var móðir hennar og síðar nam hún bæði píanóleik og tónsmíðar hjá þekktum tónlistarkennurum. Yngri bróðir hennar, Felix Mendelssohn hlaut sama tónlistaruppeldi og svo virðist sem náði samband hafi verið milli þeirra systkina. Faðir hennar umbar tónlistaráhuga hennar en studdi hana ekki til alvarlegrar tónsköpunar, taldi að bróðir hennar gæti lagt tónlistina fyrir sig en hjá henni yrði hún ævinlega aðeins til skrauts. Þrátt fyrir það lét Fanny eftir sig rúmlega 450 tónverk; um 250 sönglög og rúmlega 120 píanóverk, strengjakvartett, píanótríó og -kvartett auk þess sem eftir hana liggja nokkrar kantötur – en aðeins eitt verk eingöngu fyrir símfóníuhljómsveit. Sum verka hennar komu út undir nafni bróður hennar á meðan þau lifðu en hún gaf aðeins út eitt safn sönglaga undir eigin nafni, Op. 1. Sum verka hennar voru flutt undir nafni bróður hennar en mörg þeirra heyrðust þó á stofutónleikum, svokölluðum salonum.

Tónleikarnir hefjast á hinum bjarta og glaðlega *Konsertforleik í C-dúr*, sem er eina verkið hennar sem varðveitt er fyrir fullskipaða símfóníuhljómsveit. Þar má heyra safaríkar laglínur, vel útfært samspil strengja og áhugaverða notkun á blásturshljóðfærum. Forleikurinn er á sönötuformi og eftir upphafstóninn í hornum, koma strengir og tréblásturshljóðfæri inn með fremur hægán inngang. Að honum loknum springur verkið svo út þar sem glaðlegt stef tekur við og minnir jafnvel á fyrsta kaflann í símfóníu nr. 4 eftir Beethoven sem einnig er á dagskránni. Verkið myndi ekki flokkast undir prógrammtónlist en samt má hér heyra hesta stökkva og veiðikall í hornum.

Verkið var ekki gefið út á meðan Fanny lifði frekar en flest önnur verka hennar en þegar að því kom var farið vandlega yfir athugasemdir og lagfæringar hennar sjálfrar á verkinu. Forleikurinn var ekki hljóðritaður fyrr en árið 1992.



Wolfgang Amadeus Mozart

PÍANÓKONSERT NR. 21, Í C-DÚR

Árið 1785, þegar *Píanókonsert nr. 21* var frumfluttur, var Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) tæplega þrítugur og átti þegar að baki langan feril, bæði sem tónskáld og píanóleikari. Hann bjó í Vínarborg og kom reglulega fram á tónleikum, þar sem hann flutti meðal annars píanókonserta sína og stjórnaði sjálfur.

Píanókonsertar Mozarts eru einstakir í tónlistarsögunni. Hann samdi alls 27 konserta fyrir píanó, þann fyrsta þegar hann var aðeins 11 ára gamall og þann síðasta árið sem hann lést, eða árið 1791. Fyrstu konsertarnir eru í raun umritanir á sönötum fyrir hljómborð en þeir síðustu eru meðal þekktustu og vinsælustu tónsmíða hans. Tímabilið frá 1784–1786 var einstaklega gjöfult en þá samdi hann tólf konserta. Mozart skrifaði konsertana flesta fyrir sjálfan sig og frumflutti þá yfirleitt sjálfur. Því má greina einstaklega persónulegt samband á milli tónskáldsins og tónsmíðanna enda hóf hann formið upp á annað plan og sýndi um leið hvers hljóðfærið er megnugt í höndum færs píanóleikara. Segja má að hann hafi fullkomnað formið á sinni tíð og þau tónskáld sem á eftir komu litu gjarnan til hans þegar að því kom að spreyta sig á forminu. Beethoven samdi til dæmis fimm píanókonserta og í öllum þeirra má heyra sterk áhrif frá seinni konsertum Mozarts.

Konsertinn er vel þekktur, fyrsti kaflinn er hraður og glæsilegur og undir lok hans er stutt kadensa sem Mozart virðist hafa spunnið sjálfur á staðnum þegar hann frumflutti verkið því ekkert hefur varðveist af henni. Hægi kaflinn hefur lengi verið meðal dádustu verka hans enda varð hann mjög vinsæll eftir að hafa hljómað í sænsku kvikmyndinni *Elvira Madigan* árið 1967. Píanóíð spilar syngjandi fallegar laglínur sem hljómsveitin styður dyggilega við. Síðasti kaflinn er svo hraður og fullur af kæti.



Ludwig van Beethoven

SINFÓNÍA NR. 4, Í B-DÚR OP. 60

Fjórða sinfónía Ludwigs van Beethovens (1770–1827) hefur í gegnum tíðina staðið í skugga hinna átakameiri sinfónía sem eru hvor sínu megin við hana í röðinni – *Hetjusinfóníunni nr. 3* og *Örlagasinfóníunni nr. 5*. Fjórða sinfónían er mun styttri og fingerðari í forminu og minnir meira á fyrstu sinfóníur hans annars vegar og sinfóníur Haydns hins vegar, en hann var kennari Beethovens.

Beethoven fæddist í Bonn í Þýskalandi og lærði tónlist meðal annars hjá föður sínum. Hann hélt til Vínnarborgar árið 1787 í þeim tilgangi að nema hjá Mozart en þurfti fljótlega að snúa heim þar sem móðir hans var alvarlega veik. Hún lést skömmu síðar. Líklega náði hann að hitta Mozart í þeirri ferð. Árið 1792 hélt hann aftur til Vínnarborgar í sama tilgangi með styrk frá kjörgreifanum í Bonn í farteskinu en þá var Mozart látinn svo hann gerðist nemandi Josephs Haydn. Eftir að Haydn hélt til London tveim árum síðar var Beethoven áfram í Vínnarborg, nú í námi í kontrapunkti hjá Johanní Albrechtsberger og fleiri kennurum og hóf einnig að koma fram sem hljóðfæraleikari, en hann spilaði á píanó, fiðlu og víólu. Ferli Beethovens hefur oft verið skipt í þrjú tímabil; það fyrsta nær fram til 1802, en þá er hann enn að vinna úr því sem hann hefur numið og áhrif verka Haydns og Mozarts eru áberandi. Næsta skeið sem nefnt hefur verið hetjutímabilið spannar áratuginn 1802–1812 en á þeim tíma stækka formin og einkenna sem tengd hafa verið rómantíska tímabilinu fer að gæta. Á síðasta skeiðinu, frá 1812 til dauðadags samdi hann mörg af sínum áhugaverðustu verkum þar sem hann þróaði bæði hin ýmsu form, eins og til dæmis strengjakvartettinn, og kafaði tilfinningalega djúpt í tónlistina. Fjórða sinfónían sem var samin árið 1806 fellur mun fremur að fyrsta skeiðinu en hetjutímabilinu, enda eru áhrif Haydns greinileg auk þess sem sterk tengsl eru við aðra sinfóníuna sem var samin á mörkum fyrri skeiðanna tveggja, á árunum 1801–1802.

Beethoven var 36 ára árið 1806 og var á þessum tíma ágætlega staddur, að minnsta kosti fjárhagslega. Heyrnarleysið, sem hafði byrjað að gera vart við sig árið 1798, hafði ágerst og árið 1802 hélt hann til Heiligenstadt sér til heilsubótar, þar sem hann dvaldi stóran hluta ársins. Eftir að hann sneri aftur til Vína borgar urðu fyrri skilin í tónlist hans. Hetjusinfónían er samin snemma á því tímabili og oft er miðað við hana í þessum þáttaskilum.

Beethoven átti sér nokkra stuðningsmenn af aðalsættum sem pöntuðu af honum verk og studdu við tónleikahald. Fjórða sinfónían var samin árið 1806. Beethoven var þá byrjaður á fimmtu sinfóníunni en brá sér í heimsókn til Franz von Oppersdorff greifa sem var einn af stuðningsmönnum. Greifinn var með einkahljómsveit á sínum snærum og hún flutti aðra sinfóníu Beethovens sem hann hafði samið fjórum árum áður, honum til heiðurs. Oppersdorff greifi pantaði snarlega nýja sinfóníu hjá honum og bauð talsverða upphæð fyrir. Greifanum líkaði vel við léttleika annarrar sinfóníunnar og hefur jafnvel beðið um eitthvað af sama tagi. *Sinfónían nr. 4* er tileinkuð greifanum en var samt sem áður ekki frumflutt af hljómsveit hans, heldur af einkahljómsveit Prins Lobkowitz árið 1807 en hann var einnig fjárhagslegur stuðningsmaður Beethovens.

Fyrsti kafli sinfóníunnar hefst á hægum og fremur óræðum inngangi sem er frekar í moll en dúr og eins og verið sé að leita að grunntóntegundinni, en fljótlega er eins og tónskáldið finni hana, tónlistin þýtur af stað og sú gleði sem einkennir verkið tekur völdin. Í öðru stefinu má heyra samtal milli fagotts, óbós og flautu og úrvinnslu þess og hér má heyra hljómaframvindu sem er mun flóknari en áður tíðkaðist og einkennir flest verk Beethovens. Annar kafllinn er hægur rondokafli þar sem ákveðið hrynmynstur í þrískiptum takti er kynnt í byrjun og liggur í gegnum hann allan. Hér eru líka tvö aðalstef sem Beethoven leikur sér með. Þriðji kafllinn er Scherzo eins og hefðin býður, einnig í þrískiptum takti. Hann hefur þó oft yfirskriftina menuetto – en þessi menúett er mun hraðari en venja er og hér má því heyra hvernig Beethoven leikur sér að því að auka hraðann og sprengja upp formið. Fjórði kafllinn er einnig mjög hraður og ákafur og fullur af fjöri.

Ingibjörg Eyþórsdóttir

Aðventu- og hátíðardagskrá

04.12

MIÐVIKUDAGUR
Kl. 19:00



Home Alone - bíótónleikar

Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur, undir stjórn Caleb Young, töfrandi og æsispennandi tónlist John Williams þegar sýnd verður uppáhalds jólamynd margra kynslóða, Aleinn heima eða Home Alone. Macaulay Culkin leikur Kevin McCallister, 8 ára snáða sem er óvart skilinn eftir heima þegar fjölskylda hans heldur í jólafríð með þeim afleiðingum að Kevin neyðist til að verja heimilið gegn tveimur seinheppnum þjófum. Home Alone er stórskemmtileg og hjartnæm kvikmynd, sannkölluð hátíðarskemmtun fyrir alla fjölskylduna.

05.12

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:00

06.12

FÖSTUDAGUR
Kl. 19:00

14.12

LAUGARDAGUR
Kl. 14:00 og 16:00



15.12

SUNNUDAGUR
Kl. 14:00 og 16:00

Jólatónleikar Sinfóníunnar

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru tilvaldir fyrir jólabörn á öllum aldri og verða með dálítið þjóðlegu ívafi að þessu sinni þar sem íslenskar þjóðvísur mæta sígildum jólalögum og töfrandi tónlistarævintýrum. Einsöngvararnir Benedikt Kristjánsson, Ragnheiður Gröndal og Kolbrún Völkudóttir, kórar, dansarar, bjöllukórar og langspilssveit taka þátt í fjölbreyttri jóladagskrá en kynnr á tónleikunum er trúðurinn Barbara sem kemur öllum í sannkallað hátíðarskap. Hjörtur Páll Eggertsson er hljómsveitarstjóri á tónleikunum og eru þeir túlkaðir á táknmáli.

09.01

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



10.01

FÖSTUDAGUR
Kl. 19:00

11.01

LAUGARDAGUR
Kl. 16:00 og 19:30

Vínartónleikar Sinfóníunnar

Hinir sívinsælu Vínartónleikar eru sannkölluð nýársveisla og sú glaðværa tónlist sem þar hljómar gefur tóninn fyrir nýtt ár. Tónleikarnir hafa lengi verið allra vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar og eitthvað sem tónlistarunnendur vilja ekki láta fram hjá sér fara. Einsöngvarar Vínartónleikanna í ár eru Bryndís Guðjónsdóttir og Einar Dagur Jónsson og Ville Matvejeff heldur um tónsprotann.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Joanna Bauer
Laufey Jensdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Andrzej Kleina
Laura Liu
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Anton Miller
Margrét Þorsteinsdóttir
Justyna Bidler
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Sólveig Steinþórsdóttir
Kristján Matthíasson
Sigrún Harðardóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir

Vióla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórhildur Magnúsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

Xun Yang
Richard Korn
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Sigríður Hjördís Önnudóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Grímur Helgason
Finn Schofield

Fagott

Clara Manaud
Brjánn Ingason

Horn

Paul Pitzek
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Charlotte Rehm

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Pákur

Soraya Nayyar

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tækniamaður



104 tóndæmi

með vísun á streymisveitu

Klassísk tónlist

Á ferðalagi um tónlistarsöguna

Eftir Magnús Lyngdal Magnússon



Komin í bókabúðir



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Beethoven og Shostakovitsj

21. NÓVEMBER | KL. 19:30

Pólsk-kanadíski píanóleikarinn Jan Lisiecki hefur verið í fremstu röð píanóleikara heimsins um árabíl. Hann er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur, en á síðustu árum hefur hann leikið píanókonserta Schumanns og Chopins með Sinfóníuhljómsveit Íslands við mikinn fögnuð áheyrenda og gagnrýnenda. Einnig hljómar sinfónía nr. 8 eftir Shostakovitsj undir stjórn Andris Poga.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS